

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 — 1984

28. nóvember 1984

717

Nr. 454

REGLUGERÐ um afnám reglugerða 282/1984 og 651/1983.

1. gr.

Frá og með 1. desember 1984 er feldt úr gildi reglugerð nr. 282 frá 19. júní 1984 um bann við togveiðum á Hornbanka og Strandagrunni og reglugerð nr. 651 frá 10. október 1983 um bann við togveiðum út af Húnaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að málí.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1984.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

28. nóvember 1984

Nr. 455

REGLUGERÐ um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 4. desember 1984 til 15. maí 1985 að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvisandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið $23^{\circ}42'0$ V og að norðan $64^{\circ}20'0$ N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðiland-helgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að málí.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1984.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld á Blönduósi
nr. 582/1981.**

Við 7. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Jafnframt B. gjaldi og sem hluta af því skulu lóðarhafar atvinnu- og verslunarþóða greiða kr. 25,00 fyrir hvern fermetra lóðar hvort sem bygging er þar á eða ekki. Ofangreint gjald er miðað við byggingarvísitölu 168.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.